


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>LKN 201</b>	
Síða 1 af 2	<b>Vorönn 2012</b>	

<b>Kennarar</b>	Ketill Sigurðarson, Hinrik Þórhallsson, Ómar Kristinsson, Sólveig Þóra Jónsdóttir, Þorsteinn Krüger.	<b>Sk.st.</b>	KES, HÞÓ, ÓKR, SÓL, ÞOK
-----------------	--	---------------	-------------------------

### Áfangalýsing::

Í þessum áfanga búa nemendur sig undir þátttöku í samfélaginu með því að efla enn fremur félagslegafærni sína og siðferðiskennd. Lögð verður áhersla á að efla samskiptagreind og jákvæða lífssýnnemenda og gera þeim kleift að takast á við kröfur og ögranir daglegs lífs. Umsjónarkennari sér áfram um kennslu áfangans og er þannig í beinum tengslum við umsjónarhóp sinn.

### Áfangamarkmið / viðfangsefni:

Í áfanganum er leitast við að styrkja nemandann sem einstakling og námsmann. Unnið er með það hvernig skólinn virkar og hvaða reglur gilda um skólavistina. Mætingar, umgengni, námsvenjur, námsval, próf og annað sem snýr að veru nemandans í VMA er til umræðu. Fjallað er um sjálfsmynd og hvað hefur áhrif á hana: námsörðugleikar, útlit, neysluvenjur, áhugasvið, sterkir þættir og veikir í hæfileikum nemandans. Markvisst er fjallað um námið og lífið almennt á þann hátt að það sé á ábyrgð hvers og eins hvað við gerum. Að taka ábyrgð á náminu, hegðuninni, mætingum, neyslumynstri, fjármálum, akstri, almennri samfélagsþátttöku og öðru sem við gerum.


### Námsgögn:

Ekki er notast við kennslubók í áfanganum

Ýmis verkefni og gögn frá kennurum og fyrirlesurum um efnisþætti sem farið er yfir.

### Áætlun um yfirferð:

<b>Öll önnin</b>	Fylgst er með mætingum nemenda og gerðar athugasemdir við þær þegar þörf er á. Spurningum svarað um skólastarfið almennt og leitast við að efla nemendur við námsvinnuna.	
<b>Byrjun annar</b>	Nemendur meta eigin stöðu út frá fyrri önn og skoða framhaldið í ljósi hennar.	Sjálfsmatsverkefni sem snýr að stöðu nemandans eftir fyrstu önnina.
<b>Dreift um önnina</b>	Ýmsar heimsóknir þar sem gestir fjalla um ýmis málefni sem gera má ráð fyrir að kennarar geti ekki sinnt. Kynhneigð, ábyrgð við akstur, sjálfsmynd, skyldur samfélagsþegnsins, að vera launþegi og fleira.	Verkefni um ökuréttindi, starf og þjónustu, kosningar / samfélag, fordóma. Nokkur verkefni unnin í hópavinnu.
<b>Eftir miðja</b>	Námsval. Nemendur vinna í að velja sér	Valblað og fleiri verkefni

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>LKN 201</b>	
Síða 2 af 2	<b>Vorönn 2012</b>	

<b>Önn</b>	áfanga fyrir næstu önn undir leiðsögn kennara.	um náms- og starfsval.
<b>Síðusta vika annar</b>	Undirbúningur fyrir próf	Verkefni um prófa-undirbúning og próftöku.

### Námsmat og vægi námsþátta:

	Fjórðungur námsmats miðast við mætingar metnar útfrá eftirfarandi kvarða (mætingar % = einkunn):	
	97-100% = 10      94-96,9% = 9      91-93,9% = 8	
Mætingar /	88-90,9% = 7      84-87,9% = 6      80-83,9% = 5	
Ástundun	75-79,9% = 4      70-74,9% = 3      65-69,9% = 2	25%
	<65% = 0	
	Tekið er tillit til tilkynntra fjarvista við mat á mætingu og ástundun.	
Dagbók	Nemendur halda ítarlega dagbók um hvern tíma annarinnar, þar sem lýst er innihaldi tímans og upplifun nemanda.	40%
Námsmappa	Nemendur halda sjálfir námsmöppu sem skal innihalda öll verkefni og dreifildi annarinnar auk kennsluáætlunar, mats á áfanganum og dagbókar.	35%

Dagsetning: 06.01.2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils